


Minnisblað varðandi fyrirhugaðar framkvæmdir við landfyllingu í Vatnagörðum og lengingu Skarfabakka yfir í Kleppsbakka.

Á aðalskipulagi Sundahafnar er gert ráð fyrir lengingu Skarfabakka og landfyllingu í Vatnagörðum. Nú þegar móttaka flutningaskipa Eimskipa færast yfir á nýjan bakka utan Klepps með tilheyrandi breytingum á framstöð félagsins, þá hyllir undir að undirbúa þurfi næsta áfanga framkvæmda í Sundahöfn.



Landfylling í Vatnagörðum og lenging Skarfabakka

þarfnast sérstakrar skoðunar varðandi undirbúning og verkáfangi. Mikilvægt er að hefja undirbúning og forsendugerð verkefnisins, en undirbúnings- og verktími gæti verið á árunum 2020 – 2026. Hér er um stórt og margþætt hafnar- og landgerðarverkefni að ræða sem fá þarf umfjöllun um ýmis umhverfisatriði. Fara þarf í fyrirspurnarskýrslu til Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda og ýmsar rannsóknir í tengslum við það.

Meginstærðir í verkefninu er m.a.:

- ✓ Lenging stálpils í einum eða tveimur áföngum frá Skarfabakka að Kleppsbakka – alls um 305 metrar.



- ✓ Landfylling unnan stálpils – allt að 8 ha. lands. Gróft áætlað er magn fyllingarefnis um 1.400.000 m³. Hluti fyllingarefnis gæti komið úr dýpkunarverkefnum á Viðeyjarsundi, efnismagn gæti verið um 500.000 m³ Annað fyllingarefni þarf að koma frá ýmsum jarðvinnuverkefnum á framkvæmdatíma og úr efnisnáum á sjó.

- ✓ Lenging nýst bakka utan Klepps til vestur samkvæmt aðalskipulagi um 100 metra er framkvæmd sem félli utan verkefnisins en kæmi hugsanlega til síðar samkvæmt aðalskipulagi.

- ✓ Stærðagráðu framkvæmda má áætla um 3.500 mkr en á móti kemur að þessum framkvæmdum fylgja nýtt land og lóðir og lóðagjaldatekjur sem gætu numið allt að 1.000 mkr.

- ✓ Opnun á hakvæmum losunarstað fyrir dýpkunarefni og þá sérstaklega ef um mengað dýpkunarefni er að ræða hefur síðan í för með sér mikinn kostnaðarlegan ávinning og sparar höfninni miklar fjárhæðir.

Tilurð verkefnisins er m.a. vegna eftirfarandi:

- ✓ Þörf er á auknu landrými í Sundahöfn.
- ✓ Innri hluti Kleppsbakka sem byggður var í fjórum verkáfangum á árunum 1978 -1990 er kominn til ára sinna og verður ekki endurnýjaður auk þess sem dýpi við bakkann mun ekki þjóna stærri skipum sem liggja munu við bakka utan Klepps.

- ✓ Hafnarmannvirki við Korngarða eru komin til ára sinna og óskynsamlegt er að endurnýja þau. Aldur þeirra og ástand er lélegt og mannvirkin komin að endurnýjun.
- ✓ Sundabakki er fyrst og fremst notaður til viðlegu skipa þegar á þarf að halda, en nýting bakkans er óveruleg. Sama er að segja um ástand og aldur og hafnarmannvirkin við Kongarð. Ástand er lélegt og þau komin að endurnýjun.

Áhrif breytinganna eru m.a.:

- ✓ Losun og lestun skipa flutningaskipa færast fremst á Kleppsbakka og á nýjan bakka utan Klepps.
- ✓ Nýr 305 metra Skarfabakki gefur möguleika á starfsemi í tengslum við nýja landfyllingu í Vatnagörðum og bætir mögulega nýtingu á viðlegum við Skarfabakka fyrir stór skemmtiferðaskip. Eftir lengingu Skarfabakkans yrði hann alls 955 m
- ✓ Taka þarf ákvörðun um eignir og framtíðar starfsemi Fóðurböndunnar, sem losar korn til framleiðslu fyrirtækisins við Korngarða.
- ✓ Kleppsbakki styttest um á.a.g. 280 metra og Korngarður, sem er um 130 +60= 190 metrar leggst af. Eftir sem áður verður viðlega við Kleppsbakka alls um 220 metrar.

Verkferill og verkefni:

- ✓ Umhverfismál – matsfyrirspurn.
- ✓ Forsendur framkvæmdar.
- ✓ Veitukerfi.
- ✓ Útboð hönnunar og útboðsgagna.
- ✓ Uppkaup eigna.
- ✓ Framkvæmd.
- ✓ Deiliskipulag.

Aðliggjandi eignir:

Framanefndar framkvæmdir munu hafa áhrif á lóðir við Korngarða. Faxaflóahafnir sf. eru eigandi húseignanna nr. 5, 7, 11 og 8 við Korngarða, en Fóðurböndan eigandi eiganna nr. 12, 6 og 9. Fóðurböndan og Faxaflóahafnir hafa á liðnum árum átt samtöl um þróunaráform hafnar og fyrirtækisins. M.a. sendi Fóðurböndan erindi til stjórnar Faxaflóahafna sf. dags. 8.8.2017 þar sem óskað var eftir landrými fyrir fóðurverksmiðju á svæði sem kæmi til uppfyllingar í Vatnagörðum. Ekki hefur verið tekin formleg afstaða til erindisins.

Ljóst er að athafnasvæði Fóðurböndunnar og framtíðar áform þarf að skoða sérstaklega. Með úthlutun lóðarinnar Korngarðar 13 þrengist aðkoma og athafnasvæði Fóðurböndunnar og með landfyllingu í Vatnagörðum verður ekki hægt að losa korn til framleiðslunnar nema með aðgerðum (nýju færibaldi) á landfyllingu frá Skarfabakka. Ljóst er að nýting allra bygginga við Korngarða og eða endurnýjun þeirra tengist nýju landi í Vatnagörðum og möguleikum þess að skapa landrými fyrir starfsemi og nýjar að komur og vegtengingar að þessum byggingum.

Reykjavík 8.4.2019

Gísli Gíslason, hafnarstjóri

Jón Þorvaldsson, aðstoðarhafnarstjóri